



Hólar í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur
Sími 455 6300 · holar@holar.is · holar.is

Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 6/2026

Dagsetning: 25.6. 2026 kl. 14:00

Staðsetning: Google Meet

Fundinn sátu eftirtalin: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Jóhanna Ey Harðardóttir (JEH), fulltrúi ráðherra, Sveinn Margeirsson (SM), Camille Leblanc (CL), Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG) og Sólveig Birna Elísabetardóttir (SBE) nemendafulltrúi. Sigríður Huld Jónsdóttir verkefnastjóri HH og HÍ sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

Hólmfríður Sveinsdóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá 123. fundar:

- 1) Dagskrádrög fundar 123
- 2) Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH
- 3) Endurskipun gestafræðimanna í Hestafræðideild HH.
- 4) Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. **Dagskrádrög** fundar nr. 123. Samþykkt.
2. **Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH.** Sameiginleg kynning á stofnsamkomulagi háskólasamstæðu milli HH, HÍ og menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis fór fram á TEAMS á fundi háskólaráðs HÍ þar sem háskólaráðsfulltrúar HH voru gestir. Á fundinum var einnig kynning á bráðabirgðaákvæði í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 sem bera átti upp til samþykktar í háskólaráði HÍ. Á fundi háskólaráðs HH bar rektor samkomulagið upp til samþykktar. Afgreiðsla: Háskólaráð HH samþykkir samkomulagið og felur rektor að undirrita það f.h. HH. GJS óskaði eftir að skila sérstakri bókun sem hljóðar eftirfarandi: „Ég tel mikil tækifæri felast í stofnun háskólasamstæðu og vil treysta og trúa því að með stofnun hennar þá muni MNH, HÍ og HÍH takast að efla starfsemi Háskóla Íslands á Hólum, Háskóla Íslands í Reykjavík og á rannsóknarsetrunum um allt land, eins og lagt er upp með. Margt er jákvætt sem kemur fram í samningnum sem miðar að því að styrkja háskólastarfsemina en ég get þó ekki samþykkt hann að öllu leyti, einkum vegna þess sem þar kemur fram um húsnæðismálin. Það er ósk margra ekki síst starfsmanna að aðalbygging Háskólans á Hólum verði áfram hjarta háskólastarfseminnar, að þar verði stjórnendur HÍH staðsettir og þar með höfuðstöðvar HÍH. Ég tel nauðsynlegt að í samningnum komi fram vilji samningsaðila um að unnið verði að því að gera við aðalbygginguna til að hún geti þjónað hlutverki háskólastarfseminnar til framtíðar. Ég vil óska eftir í vinnunni sem



Hólar í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur
Sími 455 6300 · holar@holar.is · holar.is

framundan er hvað varðar húsnæðismálin, að haft verði meira samtal og samráð við starfsmenn Háskólans á Hólum, velunnara og íbúa á Hólum“.

3. **Endurskipun tveggja gestafræðimanna í Hestafræðideild.** Rektor bar upp tilnefningu Hestafræðideildar HH um að endurskipa tvo fræðimenn, Anna Maria Jansson og Henri Julius sem gestafræðimenn veið deildina. Báðir aðilar hafa prófessorshæfni við sína háskólar. Afgreiðsla: Háskólaráð samþykkti að endurskipa gestafræðimennina og fól rektor að kára málið.
4. **Önnur mál.** Rektor upplýsti háskólaráð um að Sigfús Ingi Sigfússon hefði verið ráðinn í starf rekstrarstjóra og Ragnheiður Halldórsdóttir í starf kennslustjóra. Einnig upplýsti rektor háskólaráð um að um síðasta fund háskólaráðs HH væri að ræða þar sem HH fer inn í háskólasamstæðu HÍ þann 1. júlí nk. Rektor þakkaði fulltrúum ráðsins fyrir samstarfið og óskaði þeim gleðilegs sumar.

Fundi slitið kl. 15:00